

Flýtt fyrir friði.

I.

Einhversstaðar sá eg trú-
aðan Breta, láta í ljósi undr-
un sína yfir því, að öll þau ó-
sköp af bænum sem fram höfðu
verið flutt í flestum kirkjum
landsins skyldu ekki hafa megn-
að að koma í veg fyrir frið-
slitin. Væri nógu fróðlegt
að fá að vita hvort þess-
háttar bænir sem Bretinn
átti við, hafa nokkurntíma haft
nokkurn árangur En mjög lík-
legt er, að bænum mætti svo
haga, að árangur yrði. T. d. ef
þannig væri farið að. Í öllum
helstu kirkjum hér á landi – eða
raunar helst öllum — færi fram
bænagerð í þá átt, að þessum
háskalegasta ófriði mannkyns-
sögunnar, mætti skjótt lok-
ið verða. Flyttu prestarnir
bænina, en fólkið tæki undir.
Það yrði að taka fram, að
bæninni væri beint til íbúa jarð-
stjarna þar sem Lífstefnan ræð-
ur. Íbúum Lífstefnuhnattanna
veitir mjög erfitt að ná sam-
bandi við Helstefnumannkynin
á útjaðri lífheims, og ef svo væri
ekki, mundi eins tröllaukin
heimska og styrjöld þessi er,
ekki eiga sér stað. En þó að ekki

21. mar 1940

væri nema nokkur hundruð
manna sem leituðu aðstoðar
hinna fullkomnari af réttara
hugarfari og meiri þekkingu á
hinum nauðsynlegustu undir-
stöðuatriðum en áður hefir gert
verið, þá mundi við það skapast
nokkurskonarafslvæði sem gerði
slikum verum er forfeður vorir
nefndu guði og gyðjur, auðveld-
ara um að hafa hin nauðsynlegu
áhrif á hugi þeirra sem hér á
jörðu hafa vald til að hefja ófrið
og semja frið.

II.

Í því sem sagt hefir verið, er
fólgin skýringin á þýðingu bæn-
arinnar, en nokkur vorkunn þó
að ýmsir hafi hæðst að þeirri
trú, að menn geti með því að
biðja, fengið alvitran guð
til að sjá sig um hönd og gera
breytingar á ráðstöfunum sín-
um.

Ekki er því að leyna, að ef
menn gefa engan gaum að því
sem hér er sagt, þá verður en-
torveldara um samband
góða staði en áður, og mundi
það með nokkrum hætti koma
fram í rás viðburðanna.

28. febr.